



Bocuse d'Or 2018 9.-14. júní í Turín á Ítalíu

Gaman Ferðir bjóða upp á fimm daga ferð til Ítalíu á Bocuse d'Or matreiðslukeppnina. Þetta er Evrópu forkeppni og keppandi fyrir Íslands hönd er hann Bjarni Siguróli Jakobsson og þjálfari hans er Viktor Örn Andrússon. Keppnin stendur yfir í tvo daga 11.-12. júní og í lok seinni keppnisdags eru úrslit tilkynnt. Flugið verður með WOW air til Milano en Turín er staðsett í 140 km fjarlægð frá flugvællinum. Aksturinn tekur tæpar 2 klst.

Gist verður á glæsilegu fjögurra stjörnu hóteli í miðbæ Turín en keppnin fer fram í Lingotto Fiera arena, sem er staðsett í 5 km fjarlægð frá hótelinu.


Verð pr. mann er 171.900 kr. í tvíbýli

Til þess að staðfesta ferð á þessu verði þarf að bóka fyrir 12. des og greiða 40 þús kr. í staðfestingargjald.

Turin Palace Hotel 4****

Turin Palace er besta hótelið í Turín samkvæmt Tripadvisor. En þetta hótél er vel staðsett í miðbæ Turín. En frekari upplýsingar um hótelið má finna hér.

<http://www.turinpalacehotel.com/en/>



Innifalið í verði

Innifalið í verði er flug til og frá Milanó með WOW air. Gisting í fimm nætur á Turin Palace hótelinu með morgunverði, 20 kg taska, handfarangur samkvæmt WOW air og akstur til og frá flugvælli.

ATH lágmarkspátttaka er 20 manns og áskilur Gaman Ferðir rétt til að fella niður ferðina náist sjá fjöldi ekki.

Við bókun þarf að greiða 40 þús. kr. staðfestingargjald og eftirstöðvarnar eigi síður en 6 vikum fyrir brottför. Til þess að bóka ferð þarf að hafa samband við Gaman Ferðir í síma 560 2000

Kortalán/Netgíró

Kortalán Valitors og Netgíró gerir Gaman Ferðum kleift að bjóða korthöfum einfalda og örugga greiðsludreifingu við kaup á ferðum hjá okkur. Greiðsluskipting vegna ferðakaupa getur verið í 3 til 12 mánuði og eru vextir breytilegir. Hámarksheimildir miðast við úttektarheimild, skuldastöðu, aldur og viðskiptasögu korthafa. Hafðu samband í síma 560-2000 eða sendu póst á gaman@gaman.is ef þú hefur áhuga á því borga ferðina með kortaláni eða með Netgíró.

Instagram/Twitter

Það er um að gera að ef þú ert að setja inn myndir úr ferðinni á Instagram/Twitter að merkja myndirnar #gamanferdir

Farangursheimild

Innifalið í verði er ein 20 kg taska. Hver gestur má hafa með sér eina tösku í handfarangri, þó ekki stærri en 42x32x25 cm. Auk þess má hafa meðferðis fríhafnarpoka. Ekki er leyfilegt að hafa vökva í handfarangri. Hámarksþyngd handfarangurs er 10 kg.

